

Föstudaginn 21. október 1977.

Nr. 148/1975. **Stakkholt h/f**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Höskuldi Magnússyni

og gagnsök

(Skúli J. Pálmason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september s. á. Krefst félagið aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar á kröfunum og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. mars 1976. Gagnáfrýjunarleyfi hafði verið veitt 9. mars 1976. Aðalkrafa gagnáfrýjanda er sú, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 2.795.952 krónur auk 7% ársvaxta frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi úr hendi aðaláfrýjanda 1.709.356 króna með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Bjarna Þórðarsonar, cand. act., á örorkutjóni gagnáfrýjanda, og er skjalið dagsett 11. október 1977. Þar er verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps fundið á grundvelli ýmissa forsendna. M. a. er miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1973, 9% til 15. júlí 1974 og 13% eftir það, 86.63% af meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna og það, að ekki sé tekið tillit til iðgjalds-

hluta útgerðarmanns til lífeyrissjóðs. Á þessum forsendum reiknast verðmæti vinnutekjutapsins 3.541.188 krónur. Hér fyrir dómi byggir gagnáfrýjandi á þessari tölu, en dómkrafa hans er fundin með því að lækka hana þannig: a) 20% vegna skattfrelsis örorkubóta, hagræðis eingreiðslu o. fl. (708.238 krónur). b) Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins (186.998 krónur). Þessi frádráttur nemur samtals 895.236 krónum, en þar á móti kemur til hækkunar miskabótakrafa (150.000 krónur). Með þessu móti fæst fjárhæð aðalkröfu, 2.795.952 krónur.

Ekki eru efni til að leyfa samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 hækkun dómkrafna gagnáfrýjanda, eins og hann krefst.

Eins og lýst er í héraðsdómi, varð gagnáfrýjandi fyrir slysi um borð í m/b Matthildi, SH 67, þegar báturinn var að togveiðum á Breiðafirði snemma morguns 24. júlí 1969. Aðilja greinir á um það, hvort aðaláfrýjandi beri bótaábyrgð vegna slyssins.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, komst að þeirri niðurstöðu, að það hafi hvorki verið nauðsynlegur né eðlilegur útbúnaður að hafa friholt (hjólbarða) á síðu bátsins til þess að hlífa honum við höggum og hnjaski af völdum toghlerans, heldur hafi það þvert á móti skapað hættu og valdið töfum við störf á skipinu. Á þessari niðurstöðu verður að byggja, enda hefur henni í engu verið hnekkkt. Þá var það álit héraðsdóms, að stýrimaður, sem stjórnaði verki á þilfari, hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu, og hið sama segir um vindumann. Þykir með sama hætti verða að leggja þetta til grundvallar hér í dómi. Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að vettlingur hans hafi fest í trollvír, sem hafi verið táinn. Í framburði Kristmundar Halldórs-sonar skipstjóra fyrir dómi 14. september 1973 segir, að við sjópróf það, sem fram fór sama dag og slysið varð, hafi vírarnir verið skoðaðir um borð í bátnum. Ekkert annað liggur fyrir um þessa könnun, en því hefur ekki verið mótmælt, að hún hafi farið fram. Verður aðaláfrýjanda því ekki gefin sök á, að ekki eru nú til gögn um ástand víranna. Er ósannað, að vírinn hafi verið táinn.

Þegar framanskráð er virt, þykir verða að leggja ábyrgð á slysinu á aðaláfrýjanda vegna hins ófullkomna útbúnaðar og þeirrar vangæslu, sem fyrr er lýst.

Þegar gagnáfrýjandi slasaðist, voru 6 menn um borð í m/h Matthildi. Sjópróf var haldið sanddægurs, og gáfu þá 3 menn skýrslur, skipstjórinn, stýrimaður og 1. vélstjóri, sem var vindumaður, þegar slysið varð. Allir sögðu þessir menn, að gagnáfrýjandi hefði hrópað „hífa“, rétt áður en hann slasaðist. Þessu neitaði gagnáfrýjandi í sjóprófi 4. október 1969. Í sjóprófi 8. mars 1970 ítrekuðu skipstjórinn og vélstjórinn fyrri framburði, og skipverji, sem ekki hafði gefið skýrslu á slysdegi, kvaðst „greinilega hafa heyrt, að Höskuldur hrópaði hífa“. Eftir að mál þetta var höfðað, voru enn teknar skýrslur í dómi af skipstjóra, vélstjóra og gagnáfrýjanda 14. september 1973. Vélstjórinn (vindumaðurinn) vék þá einn að þessu atriði og sagði eins og áður, að gagnáfrýjandi hefði hrópað „hífa“. Sjötti skipverjinn kom fyrir dóm 7. desember 1974. Hann kvaðst „ekki hafa heyrt Höskuld kalla neitt, hvorki „hífa“ né neitt annað“. Þegar allt þetta er virt, þykir verða að telja nægilega sannað, að gagnáfrýjandi hafi hrópað „hífa“ til vindumannsins, meðan gagnáfrýjandi hafði enn hendur á trollvurunum skammt neðan við blökkina.

Af framanskráðu leiðir, að telja verður, að gagnáfrýjandi beri sjálfur nokkra sök á slysinu.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms um sakarskiptingu, og verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda 75% af tjóni hans.

Fyrir Hæstarétt hafa ekki verið lögð gögn um tekjur gagnáfrýjanda eftir slysið. Ágreiningur er þó ekki með aðiljum um áætlað vinnutekjutap að öðru leyti en því, að því var mótmælt af hálfu aðaláfrýjanda, að framangreind kröfuhækkun kæmist að fyrir Hæstarétti.

Rétt er að hafa hliðsjón af útreikningi Bjarna Þórðarsonar, cand. act., frá 11. október 1977. Þykir örorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið 2.000.000 króna, þegar tillit hefur verið tekið til áðurnefndrar greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en miski 150.000 krónur. Samkvæmt þessu verður aðal-

áfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 1.612.500 krónur.

Vaxtakrafa gagnáfrýjanda verður tekin til greina.

Gagnáfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. maí 1972. Í leyfisbréfinu segir, að honum sé veitt „gjafsókn fyrir undirrétti allt að kr. 20 þús.“. Lagaheimild er ekki til að takmarka gjafsókn með þeim hætti sem hér var gert, sbr. XI. kafla laga nr. 85/1936, einkum 173. gr. Verður takmörkunin því metin sem óskráð.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi skuli greiða málskostnað í héraði að upphæð 230.000 krónur, og skal hann renna í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 190.000 krónur. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Stakkholt h/f, greiði gagnáfrýjanda, Höskuldi Magnússyni, 1.612.500 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði 230.000 krónur í málskostnað í héraði, og renni hann í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 190.000 krónur. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000 krónur í málskosnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að fallast verði á það álit héraðsdóms, að hinn óvenjulegi útbúnaður, sem var

á m/b Matthildi, SH 67, til að verja skipið skemmdum af völdum toghlera, hafi getað valdið hættu og töfum við störf á skipinu. Á hitt er hins vegar að líta, að gagnáfrýjandi og stýrimaður höfðu lokið við að koma „friholtinu“ milli toghlera og skipshliðar, þegar slysið varð. Tókst það án óhappa. Velta þá málsúrslit á því, hvort rétt hafi verið að verki staðið, þegar togvírinn var undinn inn að nýju.

Skipverji sá, sem stjórnaði vindu m/b Matthildar, fylgdist með því, að gagnáfrýjandi hélt um togvírinn, meðan „friholtinu“ var komið fyrir milli toghlera og skipshliðar. Brýna nauðsyn bar til að vindumaður gætti þess vandlega, að gagnáfrýjandi hefði sleppt taki á vírnum, áður en tekið væri til við að draga togvírinn inn að nýju, sérstaklega þar sem gagnáfrýjandi hafði haft tak á vírnum rétt fyrir neðan blökkina. Verður að fallast á það, að skort hafi á næga aðgæslu af hálfu vindumanns í framangreindu tilliti. Ber aðaláfrýjandi fébótabyrgð á því tjóni, sem af hlaust.

Á það er hins vegar að líta, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, að við það verður að miða, að gagnáfrýjandi hafi sjálfur gefið til kynna, að hefjast mætti handa um að vinda togvírinn inn að nýju, með því að kalla „hífa“. Átti gagnáfrýjandi því einnig sök á slysinu að verulegu leyti með fljótræði sínu, enda fellst ég á það með meiri hluta dómenda, að ekki séu nægar líkur að því leiddar, að hann hafi fest vettling sinn í togvírnum. Tel ég, eins og atvikum er háttað, að rétt sé, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Ég fellst á mat meiri hluta dómenda á tjóni gagnáfrýjanda. Einnig fellst ég á það, sem greinir í atkvæði þeirra um, að eigi hafi verið rétt að takmarka gjafsóknarleyfi gagnáfrýjanda fyrir héraðsdómi með þeim hætti sem gert var.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að úrslit málsins eigi að verða þau, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 1.075.000 krónur með vöxtum svo sem krafist er. Þá greiði hann og málskostnað í héraði, 180.000 krónur, er renni í ríkissjóð, en málf lutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði verði ákveðin 150.000 krónur. Málskostnaður fyrir

Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda verði 200.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

28. desember 1974.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. desember 1974, hefur Höskuldur Magnússon sjómaður, Brautarholti 6, Ólafsvík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 20. júlí 1972, gegn Stakkholti h/f, Ólafsvík, og Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til réttargæslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.192.656 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 4. maí 1972.

Undir rekstri málsins og með samþykki lögmanns stefnda hefur stefnandi breytt og hækkað dómkröfur sínar, og eru þær við dómtöku málsins þær, að stefndi, Stakkholt h/f, verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.709.356 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, Stakkholt h/f, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður, og til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur, og af hans hálfu eru ekki gerðar kröfur.

II.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. júlí árið 1969 var v/s Matthildur, SH 67, frá Ólafsvík, 104 tonn brúttó að stærð, á togveiðum á Breiðafirði ca 20 sjómílur frá Ólafsvík á svonefndum Fláka. Skipið er eign stefnda, Stakkholts h/f, og áhöfn þess tryggð hjá réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni h/f. Sérstakt friholt (bíldekk) var haft á síðu skipsins, þegar hlerinn var tekinn, til þess að forða skipinu frá höggum af hleranum, en slitjárn (slitvörn) var ekki á hlið skipsins. Klukkan 0545 var verið að taka vörpuna inn. Veður var gott og sjólag gott. Stefnandi var við forgálgann ásamt stýri-

manni, Víkingi Halldórssyni. Þegar hlerinn kom upp, fylgdi fríholtið með. Hlerinn var því látinn síga aftur til þess að koma fríholtinu á milli hlera og skips. Þegar hlerinn var kominn niður undir sjó, reyndi stýrimaðurinn, að sögn stefnanda, að ýta hleranum frá með því að taka um vírinn og ýta honum út frá síðu skipsins. Stýrimaðurinn hafði þó ekki afl til þess einn, og kom stefnandi honum til hjálpar samkvæmt beiðni stýrimannsins, að sögn stefnanda. Með sameiginlegu átaki gátu þeir ýtt hleranum svo langt frá, að fríholtið féll niður á milli hlera og skips. Tak stefnanda um vírinn var fyrir ofan tak stýrimannsins og ca 2—3 fet frá blökkinni, og hélt hann um vírinn með hægri hendinni. Þegar aftur var híft upp, fylgdi hönd stefnanda með vírnum upp í blökkina með þeim afleiðingum, að þumalfingurinn laskaðist svo, að taka varð hann af hendinni síðar. Klukkan 0600 var lagt af stað til Ólafsvíkur og komið þangað um kl. 0830. Þá var þegar farið með stefnanda til læknis.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að búnaður skipsins hafi að ýmsu leyti verið ófullnægjandi til þeirra veiða, sem skipið stundaði. Enginn sérstakur búnaður hafi verið á byrðingi til varnar skemmdum af völdum toghlera, en þess í stað verið reynt að verja síðuna hnjaski með því að skjóta fríholti á milli skips og hlera, en slíkt hljóti að hafa í för með sér aukna hættu fyrir skipverja. Þá hafi togvírinn verið gallaður þannig, að vírtittir hafi staðið út úr honum, og hafi slysið átt sér stað með þeim hætti, að vettlingur stefnanda hafi fest í vírgöddunum og hafi hann ekki getað losað sig.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að vangæsla yfirmanna skipsins hafi verið meðvirkandi ástæða til slyssins. Vangæsla þessi hafi komið fram í því, að stýrimaðurinn hafi ekki mælt fyrir um annað vinnufyrirkomulag, er hann varð þess var. að ekki var allt með felldu við uppkomu hlerans, en vinnan hafi verið framkvæmd undir stjórn stýrimannsins. Enn fremur að vindumaðurinn hafi ekki sýnt þá árvekni og aðgæslu, sem honum bar, við starf sitt og slysið orsakast af því.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að óvarkárni stefnanda sé orsök slyssins, og hann beri því einn ábyrgð á tjóni sínu. Það hafi verið stefnandi, sem gaf fyrirmæli um að „hífa“, og þegar síðan var „híft“, lenti hönd stefnanda í blökkinni. Áhöfn skipsins eða búnaði þess sé því ekki um að kenna slys þetta.

Varakröfu sína, um verulega lækkun stefnufjárhæðar, byggir stefndi á því, að þó svo að stefndi verði talinn bera einhverja ábyrgð á slysinu, sé augljóst, að stefnandi eigi verulega sök á því sjálfur. Enn fremur beri að reikna með tekjum stefnanda samkvæmt skattframtölum þriggja síðustu ára við ákvörðun bótafjárhæðar og auk þess sé eðlilegt að reikna með 30%—40% lækkun vegna skattahagræðis og eingreiðslu.

IV.

Þegar slysið skeði, var skipstjórinn, Kristmundur Halldórsson, í stýrishúsi, 1. vélstjóri, Randver Alfonsson, við vinduna, stýrimaðurinn, Víkingur Halldórsson, hjá stefnanda við forgálgann. Pétur Bogason háseti við afturgálgann og Guðmundur Geirsson háseti framan við vinduna hjá vélstjóranum.

Allir framangreindir skipverjar hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur í málinu.

Stefnandi skýrir frá málsatvikum á þá leið, að þegar slysið skeði, hafi hann verið með á höndunum nýja vettlinga, sem hann notaði nú í fyrsta sinni. Segir hann, að vettlingurinn hafi fest í vírnum þannig, að gaddur stakkt í gegnum hann, og hafi hann ekki með nokkru móti getað losað sig. Þó hafi ekki verið annað sýnilegt en að vírinn væri nýlegur og heill. Stefnandi segist hafa kallað „stopp, stopp“, þegar hann fann, að hann var fastur, og gefið merki með því að veifa lausu hendinni aftur fyrir sig. Hann kveðst hafa tekið á af öllum kröftum við að reyna að losa sig og rembst svo við, að köll hans um stopp hafi e. t. v. ekki verið eins hávær og ella, enda virðist vindumaðurinn ekki hafa heyrt þau. Höndin lenti síðan flöt í blökkina og vírinn yfir greipina. Stefnandi æpti upp af sársaukanum, og var spilið þá stöðvað. Stefnandi kveðst aldrei hafa kallað „hífa“.

Vitnið Kristmundur Halldórsson skipstjóri skýrir svo frá, að hann hafi verið í stýrishúsi, þegar hann heyrði stefnanda hrópa „hífa“ og síðan reka upp vein. Hann kveðst ekki hafa séð, þegar slysið varð, og ekki hafa orðið þess var, að stefnandi festist í neinu, og hafi hann komið þegar í stað til sín eftir slysið og látið sig gera að sárinu til bráðabirgða. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi merki með lausu hendinni aftur fyrir sig. Þá telur vitnið ólíklegt, að vírinn hafi verið gaddaður, því að hann hafi verið alveg nýr, eða aðeins nokkurra daga gamall, en alltaf geti þó komið gaddar á vír, jafnvel þó að hann sé nýr. Þá segir vitnið, að sami maður hafi alltaf verið við vinduna, stefn-

andi hafi yfirleitt verið við gálgann og tekið á móti og stýrimaðurinn hafi verið þar, sem þörf var á hverju sinni. Vitnið er stofnandi og hluthafi í Stakkholti h/f.

Vitnið Randver Viggó Alfonsson, 1. vélstjóri, skýrir svo frá, að það hafi stjórnað vindunni, þegar slysið varð. Stefnandi hafi staðið við fremri gálgann og snúið við sér baki. Vitnið telur sig hafa slakað af sjálfsdádum, þegar það sá friholtið koma upp fyrir borðstokkinn, en síðan híft aftur eftir fyrirskipun frá stefnanda, sem það kveðst hafa heyrt kalla „hífa“. Vitnið kveðst hafa horft á stefnanda og hafi tak hans um vírinn verið ca 2 fet frá blökkinni og hafi það tekið nokkrar sekúndur að hífa þessi tvö fet. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda kalla „stopp, stopp“ og ekki séð hann veifa hendinni til merkis um að stöðva vinduna. Þar eð stefnandi var á milli vitnisins og vírsins, kveðst vitnið ekki hafa séð, að stefnandi hélt um vírinn, fyrr en of seint og ekki tekið eftir neinu, fyrr en hönd stefnanda var alveg komin í blökkina. Vitnið tók eftir því, að stefnandi hafði strigavettlinga á höndum, er slysið varð. Vitnið segir, að það sé möguleiki á því, að stefnandi hafi fest sig í vírnum, þó að það sé hæpið, þar sem um nýjan vír var að ræða.

Við sjópróf þann 8. mars 1970 taldi vitnið, að það hefði verið eðlilegt, eins og á stóð, að ýta á vírana til þess að koma hleranum frá, en hins vegar hefði e. t. v. verið hægt að ná hleranum frá með því að fira honum niður og snúa skipinu til stjórnborða. Í þinghaldi í þessu máli þann 14. september 1973 segir vitnið hins vegar, að það telji ekki gerlegt að ýta hleranum frá með því að ýta á vírinn, þar sem hlerinn sé það þungur, eða 700—800 kg. Hins vegar sé hægt að ýta hleranum frá, þegar hann sé kominn það hátt upp, að hægt sé að ná til hans beint. Þá segir vitnið, að venjulega sé aðeins einn maður við hlerann og hafi það að þessu sinni verið stefnandi, en stýrimaðurinn hafi komið honum til hjálpar til þess að koma hleranum frá, en vitnið kveðst ekki muna, hvort það var sérstaklega starf stefnanda að vera á hleranum.

Vitnið kveðst ekki vita til þess, að friholt hafi verið notuð á sama hátt á skipum frá Ólafsvík, og segir, að hætt hafi verið við að nota friholtið strax eftir slysið, en veit ekki hvers vegna. Vitnið kveðst ekki minnst þess, að skipverjar hafi kvartað undan því, að friholtið væri notað, hins vegar hafi verið óþægilegt að hafa friholtið í þessu tilfelli, þar sem gálginn sló ekki meira út en hann gerði, en það kveðst ekki geta sagt til um það, hvort það skapi hættu. Þá segir vitnið, að þetta hafi verið sildargálgi, en

ekki trollgálgi, en telur það ekki hafa verið verra til hífingar eða hættulegra. Skipt hafi verið um gálga árið eftir og þá settur trollgálgi á skipið. Það var hærri gálgi og settur til þess, að hægt væri að taka lengjuna inn í einu. Vitni þetta og Kristmundur Halldórsson skipstjóri og Víkingur Halldórsson stýrimaður eru systkinabörn.

Víkingur Halldórsson stýrimaður kveðst hafa staðið rétt hjá stefnanda, er slysið varð, en ekki fylgst með honum sérstaklega, enda haft nógu að sinna. Vitnið segir, að stefnandi hafi kallað „hífa“ og varpan þá verið hífð nokkuð inn, en vindumaðurinn stöðvað vinduna, er hann sá, að hönd stefnanda var komin í blökkuna. Vitnið telur, að stefnandi hljóti að hafa gripið í vírinn með hægri hendi og hafi hann verið með strigavettlinga á höndum. Togvírinn hafi verið nýr og ótáinn. Vitnið er stofnandi og hluthafi í Stakkholti h/f.

Pétur Bogason háseti var við afturgálgann, er slysið átti sér stað. Hann kveðst ekki hafa séð, hvað fram fór við forgálgann umrætt sinn, en kveðst greinilega hafa heyrt, að stefnandi hrópaði „hífa“. Hann kveðst ekki hafa litið við, fyrr en hann heyrði sársaukavein stefnanda.

Vitnið Guðmundur Geirsson háseti stóð framan við vinduna hjá vélstjóranum, þegar slysið skeði. Hlerinn var að koma upp og lenti milli skipsins og friholtsins. Stefnandi reyndi að ýta hleranum frá með vinstri hendinni og hélt um vírinn með hægri hendi sér til stuðnings. Þetta varaði í 3—4 mínútur. Enginn aðstoðaði stefnanda við þetta. Stýrimaðurinn stóð við forgálgann hjá stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda kalla neitt, hvorki „hífa“ né neitt annað. Um tvö fet hafi verið milli handarinnar og blakkarinnar, meðan stefnandi var að reyna að ýta hleranum frá. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir því, að stefnandi reyndi að losa höndina eða sleppa takinu, en allt í einu heyrði vitnið óp frá stefnanda og sá hann beygja sig niður og setja höndina undir sig. Þá var stefnandi laus úr blökkinni. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvartað hafi verið undan því, að bildekkið væri notað sem friholt, og segir, að það hafi verið notað áfram eftir slysið. Vitnið segir, að venjulegur trollgálgi hafi verið á skipinu. Þá segir vitnið, að hægt hafi verið að stöðva vinduna með einu handtaki með því að færa til sveif. Þá segir vitnið, að hugsanlegt sé, að togvindur fari af stað sjálfkrafa, ef stjórnstönginni sé sleppt eða slakað á henni, en það viti ekki, hvort þessi vinda hafi verið þannig gerð. Enn fremur segir vitnið, að það hljóti að hafa verið aug-

ljóst öllum, sem á horfðu, að stefnandi hélt um virinn. Vitnið segir, að hleranum hafi oft áður verið ýtt frá á þennan hátt, en einnig hafi verið hægt að slaka hleranum niður og hífa aftur og hafi það einnig oft verið gert. Vitnið kveðst ekki muna, hvort búið var að taka inn afturhlerann.

V.

Sama dag og stefnandi slasaðist var hann lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans í Reykjavík til aðgerðar. Þann 24. janúar 1971 mat Stefán Guðnason læknir örorku stefnanda, og er örorkumatið svohljóðandi:

„Örorkumat.

Höskuldur Magnússon, f. 6/5 1927,

Brautarholti 6, Ólafsvík.

Sjóvinnuslys, 24. júlí 1969.

Slasaði var við vinnu sína á fiskiskipi úti á sjó, er hann lenti með hægri hönd milli vírs og blakkar og skaddaðist höndin. Þremur til fjórum klukkustundum síðar gerði héraðslæknirinn í Ólafsvík að meiðslum til bráðabirgða og bjó um höndina, en síðan var slasaði fluttur í Landspítala, IV-deild, og kom hann þangað samdægurs.

Slasaði dvaldi í því sjúkrahúsi vegna þessa slyss og afleiðinga þess, að því er virðist, fjórum sinnum: 24/7 til 22/8 1969, 8/12 til 22/12 1969, 23/3 til 31/3 1970 og 18/4 til 30/4 1970.

Fyrir liggur nú vottorð Árna Björnssonar læknis þar, dagsett 4/12 1970, svohljóðandi:

„Höskuldur Magnússon, f. 6/5 1927, til heimilis Brautarholti 6, Ólafsvík, var lagður inn á Handlækningadeild Landspítalans hinn 24/7 1969 vegna áverka á hægri hendi, sem hann hafði orðið fyrir að sögn, er hann lenti með höndina í togvindu á bát snemma morguns þann sama dag.

Við skoðun við komu á sjúkrahúsið er ástandi handarinnar lýst á eftirfarandi hátt: Alldjúpur tættur skurður er yfir þumalfingursþófanum, og liggur hann í boga upp greipina milli I. og II. fingurs og svo yfir á handarbakið ofanvert, en hinn endinn á skurðinum endar ofan á þumalfingrinum rétt við grunnliðinn. Skurðinum er haldið saman á tveimur stöðum með silkispottum. Slasaði getur lítilla beygt og rétt í carpometacarpal og metacarpophalangeallið þumalfingursins, en virðist ekki hafa tilfinningu lófamegin í þumalfingrinum frá góm allt að skurðinum, en ofanvert á fingrinum virðist tilfinning vera eðlileg. Hreyfingar í fing-

urliðum eru litlar, en skyn virðist óskert, þumalfingur er dálítið bláleitur.

Kom fram af þessari lýsingu, að þumalfingurinn var nær því slitinn af, en þó virtist vera eitthvert líf í honum til að byrja með. Sárið var hreinsað, og við það kom í ljós, að einnig var um að ræða brot á fingrinum. Brotinu var fest og sárið saumað, og gifs lagt á fingurinn. Þegar skipt var á sárinu þann 1/8 1969, var greinilegt, að drep mundi koma í hluta af fingrinum. Þann 15/8 varð að taka fingurinn mest allan í burtu vegna drepis. Þrem dögum síðar var gerður húðflutningur á sárið, sem þá var ógróið á þumalfingrinum, og slasaði útskrifaðist eftir það þann 22/8 1969.

Hinn 8/12 1969 kom hann inn á sjúkrahúsið aftur, að þessu sinni í þeim tilgangi að láta lengja þumalfingursstúfinn. Var það gert í tveimur atrennum, í fyrra skiptið hinn 10/12 1969 og í seinni atrennu þann 23/3 1970. Hann útskrifaðist þann 31/3 1970, en kom aftur inn þann 18/4, og hafði þá komið ígerð í hið nýflutta bein. Varð það til þess, að allverulegur hluti af því eyddist, en þó lengdist fingurstúfurinn hér um bil um 1 cm.

Slasaði útskrifaðist að þessu sinni þann 30/4 1970, og í niðurstöðu segir svo: Að á hausti komanda verður því að ákveða m. t. t. þess, hver starfshæfni handarinnar er, hvað gera skal. Kemur tvennt til greina, annarsvegar að sleppa öllum frekari aðgerðum, einkum m. t. t. þess, að slasaði virðist geta notað höndina allsæmilega eins og er, en hins vegar að lengja stúfinn, og mundi það þýða, að flytja yrði húð til dæmis frá hinum handleggnum, setja í hana bein, og síðan yrði að flytja eyju með tilfinningu í þennan þumalfingursstúf. Allar þessar aðgerðir mundu vafalaust taka nokkra mánuði, ef allt gengi eðlilega.“

Um er að ræða 43 ára gamlan vélstjóra á fiskiskipi, sem missti mestallan hægri þumalfingur í slysi við sjóvinnu fyrir hálfu öðru ári. Hann dvaldi í Handlæknisdeild Landspítala af þessum sökum, samtals nær 9 vikur á árunum 1969 og 1970, til læknisáðgerða.

Slasaði var talinn óvinnufær frá slysdegi til 6/5 1970, og eftir það telst vinnugeta hans nokkuð skert varanlega.

Það þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

frá 24. júlí 1969 til 6. maí 1970 100%
eftir það í sex mánuði 50%
eftir það varanlega 25%.“

Á grundvelli örorkumatsins hefur Bjarni Þórðarson, cand. act.,

reiknað út örorkutjón stefnanda þrisvar sinnum, og eru örorkutjónsútreikningarnir dagsettir 24. maí 1971, 28. ágúst 1973 og 18. nóvember 1974. Í útreikningi, dagsettum 24. maí 1971, segir m. a. svo:

„Höskuldur er sagður fæddur 6. maí 1927 og hefur samkvæmt því verið 42 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum (óstaðfestum) Höskulds árin 1967—1969 hafa vinnutekjur hans þrjú almanaksárin fyrir slysið verið sem hér segir:

Árið 1966 kr. 173.276.00

Árið 1967 — 218.539.00

Árið 1968 — 236.513.00

Tekna þessara aflaði Höskuldur að mestu leyti sem vélstjóri á fiskiskipum. Við áætlun framtíðarvinnutekna er venja að leggja til grundvallar vinnutekjur síðustu þriggja ára fyrir slysið. Hins vegar hafið þér óskað eftir, að einnig væri miðað við meðaltekjur sjómanna, þar sem Höskuldur hafi átt við nokkra vanheilsu að stríða árin fyrir slysið, sem nú hafi verið ráðin bót á.

I. Ég hefi umreiknað vinnutekjur Höskulds árin 1966 til 1968 til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á bolfiskverði til sjómanna. Meðaltal þannig umreiknaðra tekna þessara þriggja ára nota ég sem áætlaðar framtíðarvinnutekjur frá slysdegi. Eru þær sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundr- aðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekju- tap:
1. árið eftir slysið	kr. 272.523.00	kr. 240.724.00
2. árið eftir slysið	— 344.869.00	— 107.838.00
síðan árlega	— 377.824.00	— 94.456.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 270.877.00
Vegna varanlegrar örorku	— 960.526.00
	Kr. 1.231.403.00

II. Á síðustu árum hafa orðið verulegar sveiflur á vinnutekjum sjómanna, og er því nokkrum erfiðleikum bundið að finna raunhæfan grundvöll fyrir áætlun meðaltekna þeirra í framtíðinni. Samkvæmt úrtaksathugunum Efnahagsstofnunarinnar voru meðalatvinnutekjur kvæntra sjómanna að meðaltali 18.7% hærri en meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna árin 1951—1960. Á árunum 1961—1966 voru þær 36.9% hærri að meðaltali, en árið 1967 verður hér veruleg lækkun á, og það ár eru þær 5.3% hærri og árið 1968 6.8% hærri. Árið 1969 hækka þær nokkuð miðað við tekjur verkamanna og voru þá 14.4% hærri.

Ég hefi hér áætlað meðaltekjur sjómanna frá ársbyrjun 1970 á tvo vegu. Í fyrsta lagi hefi ég umreiknað meðalatvinnutekjur kvæntra sjómanna árin 1965—1969 til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á verði bolfisks til sjómanna. Meðaltal þannig umreiknaðra meðalatvinnutekna þessara fimm ára áætla ég sem meðaltekjur sjómanna frá 1. janúar 1970. Í næstu töflu eru áætlaðar vinnutekjur Höskulds sýndar frá slysdegi, þar sem gert er ráð fyrir, að þær séu jafnháar meðaltekjum sjómanna, áætluðum eins og að framan greinir frá 1. jan. 1970 og frá slysdegi til þess tíma jafnháar meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna á árinu 1969. Þá er einnig sýnt vinnutekjutap áætlað á sama hátt og hér á undan:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekju- tap:
1. árið eftir slysið	kr. 332.859.00	kr. 292.933.00
2. árið eftir slysið	— 432.985.00	— 135.390.00
síðan árlega	— 474.360.00	— 118.590.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 331.122.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.205.945.00

Samtals kr. 1.537.067.00

Í öðru lagi hefi ég áætlað meðaltekjur á sama hátt og áður, nema að miðað er við meðaltal umreiknaðra meðalatvinnutekna sjómanna árin 1967—1969. Áætlaðar vinnutekjur Höskulds og áætlað vinnutekjutap á sömu forsendum og áður yrði þá:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekju- tap:
1. árið	kr. 305.266.00	kr. 270.695.00
2. árið	— 374.918.00	— 117.234.00
síðan árlega	— 410.744.00	— 102.686.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 292.016.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.023.425.00

Samtals kr. 1.315.441.00

Til samanburðar vil ég benda á, að ég hefi áætlað meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna á kauplagi nú kr. 344.145.00 á ári (eru þá meðalatvinnutekjur áranna 1965—1969 umreiknaðar til kauplags nú). Áætlaðar meðaltekjur sjómanna miðað við 1965—1969 eru því 37.8% hærri, en þannig áætlaðar meðalatvinnutekjur verkamanna og meðaltekjur miðað við 1967—1969 eru 19.4% hærri.

Við útreikningana hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, og ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.“

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru byggðar á örorkutjóns-útreikningnum frá 18. nóvember 1974, en hann hljóðar svo:

„Örorkutjón Höskulds Magnússonar.

Í bréfi, dags. 10. okt. sl., óskið þér, hr. hæstaréttarlögmaður, að ég reikni að nýju örorkutjón Höskulds Magnússonar, Ólafsvík, þar sem tekið sé tillit til kaupgjaldsbreytinga, síðan ég reiknaði örorkutjón hans 28. ágúst 1973, svo og vaxtabreytingar 16. maí 1973. Áður hafði ég reiknað örorkutjón hans 24. maí 1971.

Í útreikningi mínum 28. ágúst 1973 áætlaði ég Höskuldi framtiðarvinnutekjur sem sama hundraðshluta af meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna á hverjum tíma og vinnutekjur hans árin 1966—1968 voru af meðalatvinnutekjunum þau ár að meðaltali eða 86.63%. Nú liggja fyrir upplýsingar um þær meðalatvinnutekjur

til og með árinu 1973. Síðan er miðað við 122.9% af meðaltali umreiknaðra meðalatvinnutekna verkamanna árin 1969—1973, en á árunum 1964—1973 voru meðalatvinnutekjur sjómanna 22.9% hærri en meðalatvinnutekjur verkamanna að meðaltali.

Þannig áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap áætlað eins og í fyrri útreikningum er sýnt í næstu töflu:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekju- tap:
1. árið eftir slysið	kr. 282.824.00	kr. 248.891.00
2. árið eftir slysið	— 360.903.00	— 108.365.00
3. árið eftir slysið	— 447.831.00	— 111.958.00
4. árið eftir slysið	— 628.165.00	— 157.041.00
5. árið eftir slysið	— 814.017.00	— 203.504.00
6. árið eftir slysið	— 1.011.711.00	— 252.928.00
síðan árlega	— 1.061.666.00	— 265.417.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysgengi:

	Miðað við 7% vexti p. a.	Miðað við 9% vexti p. a.	7% til 15. maí '73 og 9% síðan
Vegna tímab. örorku	kr. 273.017.00	kr. 269.564.00	kr. 273.017.00
Vegna varanl. örorku	— 2.337.309.00	— 1.913.378.00	— 1.980.449.00

Samtals kr. 2.610.326.00 kr. 2.182.942.00 kr. 2.253.466.00

Ef meðalatvinnutekjur sjómanna eru lagðar til grundvallar, hækkar verðmætið um 15,3%.

Ef gert er ráð fyrir, að iðgjaldshluta útgerðarmanns til lífeyris-sjóðs sé bætt við áætlaðar vinnutekjur, reiknast mér verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps hækka um kr. 80.848.00, ef miðað er við 7% vexti p. a., og kr. 66.715.00 miðað við 9%. Er þá eins og áður miðað við iðgjaldsgreiðslu vegna vélstjóra allt árið.

Reiknigrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningi, nema hér er miðað við 7% og 9% vexti p. a., en almennir innlánsvextir voru hækkaðir í 9% p. a. 16. maí 1973. Þeir voru aftur hækkaðir í 13% 16. júlí 1974, en hér hefur ekki verið tekið tillit til þess.“

VI.

Dómkröfur sínar miðar stefnandi við þá reikningsútfærslu

tryggingafræðingsins, sem gerir ráð fyrir 9% framtíðarvöxtum, og sundurliðar hann kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 2.182.942
÷ 20% frádráttur vegna skattfrelsis	
örorkubóta, hagræðis við eingreiðslu	
o .fl.	kr. 436.588
Greitt af Tryggingastofnun ríkisins	— 186.998 — 623.586
	Kr. 1.559.356
2. Bætur vegna röskunar á stöðu og	
högum og vegna þjáninga og lýta	— 150.000
	Samtals kr. 1.709.356

Það er álit dómsins, að það hafi hvorki verið nauðsynlegur né eðlilegur útbúnaður að hafa friðholt á síðu skipsins til þess að hlífa því við höggum og hnjaski af völdum hlerans, heldur skapi það þvert á móti hættu og valdi töfum við störf á skipinu, og er hinum sérfróðu meðdómsmönnum ekki kunnugt um, að slíkur útbúnaður sé tíðkaður við togveiðar. Dómurinn lítur því svo á, að notkun friðholtsins á þann hátt, sem hér um ræðir, sé meginorsök slyssins. Einnig er það álit dómsins, að stýrimaðurinn, sem stjórnaði verki á þilfari, hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu við störf sín, t. d. með því að láta haga vinnunni á annan veg en gert var, þegar í ljós kom, að friðholtið var fyrir og dróst upp með hleranum. Þá megi einnig rekja orsakir slyssins til þess, að vindumaðurinn hafi sýnt óvarkární við stjórn vindunnar með því að hífa vírinn inn, meðan stefnandi hafði ennþá tak á honum, og sérstaklega þar sem tak stefnanda á vírnum var aðeins 2—3 fet frá blökkinni, eins og vindumaðurinn m. a. hefur sjálfur lýst. Það er einnig álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að það taki svo örsamma stund að hífa togvíra 2—3 fet, að stefnandi hefði getað lent með höndina í blökkinni án þess að festast í vírnum. Það er því ekki ástæða til þess að vera með hugleiðingar út af því, hvort stefnandi hafi verið fastur í vírnum eða ekki, eða því, hvort hann hafi kallað hífa eða ekki. Yfirmenn skipsins eru þannig venslaðir innbyrðis og í þeim tengslum við útgerð skipsins, að varhugavert má telja að leggja mikið upp úr vitnisburði þeirra, og þó að vindumaðurinn telji sig hafa heyrt stefnanda kalla hífa, bar honum að gæta fyllstu varúðar, eins og aðstæður allar voru, og tengja vind-

una ekki dráttarafli, nema vera viss um, að hættulaust væri. Ábyrgð á slysinu, og þar með tjóni stefnanda, verður því að meginhluta að leggja á stefnda.

Á hinn bóginn ber á það að líta, að stefnandi virðist ekki hafa sýnt fyllstu aðgæslu við störf sín umrætt sinn, þar sem honum mátti vera ljós sú hætta, sem lá í því að halda um togvírinn svo nálægt blökkinni.

Niðurstaða dómsins er því sú, að skipta beri sök í máli þessu og beri stefndi Stakkholt h/f 3/4 hluta sakar, en stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu að 1/4 hluta.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að leggja til grundvallar örorku-tjónsútreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingafræðings frá 18. nóvember 1974, og þykir mega fallast á það með stefnanda, að rétt sé að miða við útreikning þann, sem gerir ráð fyrir 9% fram-tíðarvöxtum. Einnig þykir mega fallast á kröfu stefnanda um bætur vegna rökunar á stöðu og högum og vegna þjáninga og lýta. Kröfur stefnanda verða því teknar til greina að þessu leyti og stefndi Stakkholt h/f dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.282.017 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 230.000, þar af greiðist lögmanni stefnanda, Skúla J. Pálmasynti hæstaréttarlögmanni, hluti af talsmannslaunum, kr. 20.000, úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til útlagðs kostnaðar.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Péttri Ágústssyni og Sigurði Hreiðarssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Stakkholt h/f, greiði stefnanda, Höskuldi Magnússyni, kr. 1.282.017 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974, og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 230.000, þar af greiðist lögmanni stefnanda, Skúla J. Pálmasynti hæstaréttarlögmanni, hluti af talsmannslaunum, kr. 20.000, úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.